

2. Sé sekt hvorki greidd né fullnægjandi trygging sett fyrir greiðslu og tilkynning skv. 1. mgr. hefur verið send, skal lögreglustjóri svo fljótt sem unnt er óska eftir að Fangelsismálastofnun ríkisins ákveði stað og stund fyrir afplánun vararefsingar. Ekki skal líða lengri tími en eitt ár frá sektarákvörðun þar til slík beiðni er send stofnuninni.

11. gr.

Innheimtakerfi fyrir sektir.

Á öllum stigum sektarákvörðunar og innheimtu skulu upplýsingar um stöðu máls skráðar þannig að unnt sé á skjótan og einfaldan hátt að fá yfirlit um stöðu máls hverju sinni.

12. gr.

Eftirlit ríkissaksóknara.

1. Senda skal ríkissaksóknara skýrslur um málalok samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar eftir þeim reglum sem hann ákveður.

2. Telji ríkissaksóknari að saklaus maður hafi verið látinn gangast undir lögreglustjóra-sátt eða að málalok hafi verið fjarstæð að öðru leyti, getur hann innan mánaðar frá því að honum barst vitneskja um þau, fellt sáttina úr gildi, enda sé þá ekki liðið ár frá málalokum.

13. gr.

Gildistaka o.fl.

1. Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 1. og 4. mgr. 115. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, sbr. 5. gr. laga nr. 57 22. maí 1997, öðlast þegar gildi.

2. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð um lögreglustjórásáttir, nr. 39 16. janúar 1998.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 21. september 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Benedikt Bogason.

1. september 1998

Nr. 570

REGLUGERÐ

um (7.) breytingu á reglugerð nr. 47/1990 um stofnanþjónustu fyrir aldraða.

1. gr.

Fjárhæðir, sem nefndar eru í reglugerðinni skulu breytast þannig:

Í 5. gr. komi kr. 29.217 í stað kr. 28.093.

Í 6. gr. komi kr. 29.217 í stað kr. 28.093.

Í 10. gr. komi kr. 23.473 í stað kr. 22.570.

Í 14. gr. komi kr. 23.473 í stað kr. 22.570.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 30. sbr. 27. gr. laga um málefni aldraðra nr. 82/1989 með síðari breytingu, öðlast gildi 1. september 1998.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 1. september 1998.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.